

# Umferðarspá um nýjan Axarveg

## Frá 2020 til 2050

### Forsendur:

- Raunumferð um teljara á Öxi frá 2002 til 2019.
- Lokaár spár er 2050.
- Spá miðast við fulla vetrarþjónustu.
- Hófleg gjaldskylda verði á vegi.
- Gert er ráð fyrir umferðaraukningu, sem væri afleiðing styttingar á leið milli Héraðs og Berufjarðar, betri vegi og fullri vetrarþjónustu.
- Umferð framtíðar hegði sér líkt og í meðalári fortíðar.
- Þróun fólksfjölda verði skv. spá Hagstofu.
- Engar náttúruhamfarir eða óvæntir atburðir, sem gætu haft varanleg áhrif á þróun umferðar, teknir inn í útreikninga enda ekki hægt að sjá neitt slíkt fyrir.

### Spá

#### Almennt:


Spáð er með hermun, sem framreiknar meðaltöl og líkindamörk fyrir spágildi innan hvers árs. Spátöflu þarf því að lesa á hefðbundinn hátt eða lóðrétt en einnig lárétt. Til að útskýra láréttan aflestur má segja að gefin séu upp 5 spágildi fyrir hvert ár. Lægsta mögulega gildi eða (ÁDU<sub>-95%</sub>), næst lægsta gildi (ÁDU<sub>-75%</sub>), meðalgildi (ÁDU<sub>m</sub>), næst hæsta (ÁDU<sub>+75%</sub>) og hæsta gildi (ÁDU<sub>+95%</sub>). Öll spágildin eru, sem slík, jafn líkleg þ.a.l. er alveg eins líklegt að lægsta spágildið raungerist eins og það hæsta og eða meðalgildið. Til að útskýra frekar þá eru sjálfu sér hverfandi líkur á að einstök spágildi raungerist því ber að lesa töfluna lárétt á þann hátt að miða ætíð við að raunumferð framtíðar lendi einhverstaðar á milli líkindamarka spárinnar. Þannig eru t.d. 10% líkur á því að umferð framtíðar lendi á milli lægsta gildis og þess næst lægsta en tæplega 40% líkur á að framtíðargildi lendi á milli næst lægsta og meðalgildis osfrv. Þetta má sjá betur undir spátöflu. Af þessu sést að 95% líkur eru taldar á því að spágildi hvers árs verði innan marka lægsta gildis (ÁDU<sub>-95%</sub>) og þess hæsta (ÁDU<sub>+95%</sub>) þ.a.l. eru aðeins 5% líkur á að framtíðargildi lendi utan marka spátöflu eða 2,5% undir og 2,5% yfir, en það getur samt sem áður gerst. Lang líklegast er því að raungildi framtíðar lendi á milli ÁDU<sub>-75%</sub> og ÁDU<sub>+75%</sub> eða 75%. Þetta ber að hafa í huga þegar spátafla er lesin.

## ÁDU spá:

Útgangspunktur spárinnar er sá að fyrir árið 2020 var umferðaraukning, sem nefnd er í forsendum og áætlað er að komi vegna vegstyttinga, vegabóta og vetrarþjónustu látin taka gildi. Einnig er horft framhjá þessu fordæmalaus ári sem nú er.

Spágildi eru birt með 5 ára millibili þ.s. leyfilegt verður að „interpolera“ á milli ára og spátafla stillt af m.v. heilan og hálfan tug ára. Þetta gerir það af verkum að fyrstu birtu spágildin, eða fyrir árið 2020 verða ekki marktæk sem slík, enda spáin hugsuð til lengri tíma og minnst 5 ára sbr. áður. Upphafsgildin hafa því þann eina tilgang að auðvelda „interpolation“ á milli árunna 2020 og 2025. Öll spágildi eru hugsuð út frá nýjum vegi þ.a.l. ef framkvæmdir frestast þá frestast gildistaka spárinnar einnig.

Upphafsgildi spárinnar er fundið þannig út að framreiknað er upphafsgildi í töflu 15, í skýrslu sem gerð var upp úr umferðarkönnun sem fram fór árið 2008, í Berufirði á vegamótum Axarvegur og Hringvegur. Sjá vefslóð hér: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/kannanir/umferdarkannanir/> Í þeirri töflu kemur fram að áætlaður fjöldi ökutækja, á ársgrundvelli (ÁDU), sem haft hefði hag af því að fara þjóðveginn um Öxi ef þá hefði þar legið endurgerður vegur með fullri vetrarþjónustu, væri 160 (ökut/sólarhr.). Þessi tala, frá árinu 2008, er síðan framreiknuð með þeirri breytingu, sem átt hefur sér stað á teljara uppi á Öxi milli árunna 2008 og 2019. Þá fæst ÁDU = 400 (ökut/sólarhring) en vegna fyrirhugaðrar gjaldtöku og þeirrar miklu fjölgunar ferðamanna, frá árinu 2008 sem e.t.v. endurtekur sig ekki svo skarplega aftur, var ákveðið að draga úr vægi þessa framreiknings um u.þ.b. 20% og þá fæst ÁDU= 325 (ökut/sólarhr) en benda jafnframt á að spáin hefur neðri og efri mörk.



Spálinurit nr. 1

## ÁDU spátafla

Spátafla hvert 5. ár.

Ár	ÁDU <sub>-95%</sub>	ÁDU <sub>-75%</sub>	ÁDU <sub>m</sub>	ÁDU <sub>+75%</sub>	ÁDU <sub>+95%</sub>
2020	285	310	325	340	360
2025	245	315	375	430	510
2030	210	345	430	510	580
2035	250	385	480	590	700
2040	275	420	530	650	770
2045	300	445	580	720	900
2050	325	475	630	800	950


- ∞ ← 2,5% ← 10% → 37,5% → 37,5% → 10% → 2,5% → + ∞

Í lokin skal þess getið að ÁDU/SDU hlutfall er áætlað í kringum 0,650 þal er hægt að finna út SDU umferð hvers árs með því að deila 0,650 upp í ÁDU-spágildi hvers árs.

Hlutfall milli ÁDU og VDU (ÁDU/VDU) verði á bilinu 1,5 – 2,0 þ.a.l. er hægt að finna VDU-spágildi með því að deila 1,5 – 2,0 upp í ÁDU-spágildi hvers árs.


## Viðhengi

Núverandi straumar um vegamótin í Berufirði, eða vegamót Axarveg og Hringvegjar eru áætlaðir skv. mynd 1.



Mynd 1.

Eftir fullbúinn Axarveg eru straumar áætlaðir skv. mynd 2, hér fyrir neðan:  
 Ath. að umferð í sniði 1-v4 er áætluð 170 – 200 (ökut/sólarhr.)



Mynd 2.